

Lög um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 28, bls. 110—111).

Lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 29, bls. 112—121).

Lög um vörutoll, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 30, bls. 122—129).

Lög um viðauka við lög um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. nr. 16, 4. nóvbr. 1881, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 31, bls. 130—131).

Lög um einkasölu-heimild landsstjórnarinnar á steinolíu, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 32, bls. 132—133).

121

9. nóv.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um flutning þurfalings.

Hreppsnefnd Ögurhrepps í Ísafjarðarsýslu hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður og bæjarfógeti, dags. 24. júlí þ. á., þar sem ákveðið er, að nefndur hreppur skuli annast flutning þurfalingsins Friðriks Kristjáns Hermannssonar af Ísafjarðarspítala.

Þurfalingur þessi er viðurkendur sveitlægur í Árneshreppi í Strandasýslu, hefir orðið sveitarstyrksþurfi í Ögurhreppi og hefir hreppsnefndin þar komið honum á Ísafjarðarspítala að lækni ráði, en neitar að taka við honum aftur af spítalanum eða skifta sjer nokkurn hlut af honum, er spítalalæknirinn telur hann ferðafæran og segir fátækra stjórn Ísafjarðarkaupstaðar til hans; hún telur sjer hinsvegar þurfalinginn óviðkomandi og vísar til hreppsnefndar Ögurhrepps.

Vera þurfalingsins á Ísafjarðarspítala er byggð á samningi spítalastjórnarinnar — og skiftir í því efni engu þótt það væri bæjarstjórnin, því hún kemur þar ekki fram sem fátækra stjórn — annarsvegar og hreppsnefndar Ögurhrepps hinsvegar, sem skyld var að lögum að ráðstafa eða annast þurfalinginn þangað til framfærslusveit hans tók við. En með þeim samningi verður ekki velt neinni ábyrgð eða framlagsskyldu á það sveitarfjelag, sem sjúkrahúsið er í. Nú ber hreppsnefnd Ögurhrepps það fyrir sig til þess að losast við að annast eða leggja út flutningskostnaðinn á framfærslusveitina, að hún hafi aðeins ábyrgst kostnað við þurfalinginn á sjúkrahúsinu þangað til sveitfesti hans yrði viðurkend af framfærslusveitinni. Hvaða þýðingu þetta kann að hafa gegn Ísafjarðarspítala kemur ekki þessu máli við, því það er einkamál, en hitt er víst, að hreppsnefnd Ögurhrepps getur ekki með samningum losað sig við þær skyldur, sem á henni hvíla sem liður í fátækra stjórn landsins til þess að sjá fyrir þurfalingnum, sem hefir orðið styrksþurfi þar í sveit, fyr en þurfalingurinn er kominn til framfærslusveitarinnar eða framfærslusveitin hefir tekið að sjer að annast sjálf framfærsluna, og gerir það í raun og veru.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að hreppsnefnd Ögurhrepps skuli taka við frammannefndum þurfalingi og eftir atvikum annast flutning hans á framfærslusveitina.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og frekari birtingar.